

Ed.

68. Frumvarp til laga

[63. mál]

um gleraugnafræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig gleraugnafræðing og starfa sem slíkur hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum sem lokið hafa prófi frá skólum, sem viðurkenndir eru sem slíkir af heilbrigðisstjórn þess lands, sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar prófessorsins í augnsjúkdómum við Háskóla Íslands, félags gleraugnafræðinga og landlæknis, áður en leyfið er veitt.

3. gr.

Nú uppfyllir umsækjandi skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi að fengnum meðmælum sömu aðila og um getur í 2. gr.

4. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum ríkisborgurum, sem eru í starfi við gildistöku laganna og hafa starfað í 5 ár samfelld, ótakmarkað starfsleyfi.

5. gr.

Gleraugnafræðingur annast alla almenna gleraugnaþjónustu, þ. e. a. s. sölu gleraugna og vinnslu þeirra.

Gleraugnafræðingi er einungis heimilt að fullvinna og selja sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur) að fyrir liggji tilvísun og/eða forskrift læknis.

6. gr.

Óheimilt er að ráða til hvers konar gleraugnafræðistarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi skv. 2. 3. eða 4. gr.

7. gr.

Gleraugnafræðingi ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

8. gr.

Gleraugnafræðingi er skylt að halda dagbók um þá er leita til hans og aðrar skýrslur í samræmi við fyrirmæli landlæknis.

9. gr.

Um gleraugnafræðinga gilda að öðru leyti reglur lækna laga nr. 80/1969. Reglur lækna laga gilda um viðurlög við brotum í starfi, sviptingu starfsleyfis og endurveitingu starfsréttinda.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það sem hér liggur frammi er samið af nefnd sem ráðherra skipaði í desember 1982 og falið var m. a. það verkefni að gera tillögur um skipulagningu sjónverndar í landinu með hliðsjón af gleraugnaverslun. Í nefnd þessa voru skipaðir Ingimar Sigurðsson, deildarlögfræðingur, formaður, Guðmundur Björnsson, prófessor, Ólafur Ólafsson, landlæknir, Margrét Sigurðardóttir, blindrakennari og Óskar Guðnason, framkvæmdastjóri.

Að mati nefndarinnar ber brýna þörf til að setja reglur um réttindi og skyldur gleraugnafræðinga, þ. e. a. s. þeirra aðila er annast sölu og vinnslu gleraugna, en á þeim vettvangi gilda engar reglur í dag og getur hver sem er gefið sig til slíkra verka. Almenn er viðurkennt að til slíkra starfa þurfi ákveðna grunnmenntun og starfsreynslu, og að nauðsynlegt sé að tryggja hæfni þeirra aðila sem veljast til þessara starfa, þannig að þeir sem þurfa á gleraugum að halda geti treyst því að gleraugnasalar séu til þess viðurkenndir.

Á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis hefur tvisvar verið borið fram á Alþingi frumvarp til laga um gleraugna- og sjónfræðinga. Hafa þessi frumvörp verið svipuð þeim frumvörpum, sem borin hafa verið uppi á Alþingi, þar sem reynt er að lögfesta starfsheiti og starfssvið hinna ýmsu heilbrigðisstétta með það fyrir augum að tryggja menntun og hæfni þeirra. Öll þessi lagafrumvörp hafa náð fram að ganga nema þau er snerta gleraugna- og sjónfræðinga. Það sem helst hefur orðið þessum tveimur frumvörpum til trafala eru ákvæðin um sjónfræðingsstörf, en augnlæknar hafa litið svo á að með þeim væri verið að fara inn á verksvið augnlækna, þar sem gleraugnafræðingar hafi enga læknisfræðilega menntun til að greina alvarlega einkennalaus sjúkdóma, sem valdið geta varanlegri sjónskerðingu eða blindu séu þeir ekki greindir í tæka tíð. Það er samdóma álit nefndarmanna, að sjónfræðin sé læknisfræðilegs eðlis, þannig að öðrum en læknum geti ekki verið falið að prófa sjón manna eða taka ákvörðun um styrkleika sjónglerja.

Það er skoðun nefndarmanna að ómögulegt sé að henda reiður á störfum gleraugnafræðinga öðruvísi en að tekið verði á réttindum þeirra og skyldum í lögum, auk þess sem verulegum annmörkum sé háð að hnýta ákveðna fjárhagsbagga á það opinbera vegna úthlutunar gleraugna, nema til komi skipuleg starfsemi lögverndaðrar stéttar á þessu sviði. Þannig sé ómögulegt að semja við aðila um þjónustu, sem greiða skal af hálfu hins opinbera að öllu leyti eða hluta til öðruvísi en að um viðurkennda starfsstétt sé að ræða. Vitanlega verði að taka á málefnum þeirra er þurfa á gleraugum að halda á sama hátt og annarra er þurfa á séraðstoð að halda.

Félagi optikera hefur verið sent frumvarp þetta til umsagnar og hafa engar athugasemdir borist ráðuneytinu.

Með skírskotun til ofangreindra röksemda er frumvarp þetta fram komið.

Alþt. 1983. A. (106. löggjafarþing).

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2., 3. og 4. gr.

Gert er ráð fyrir því sem reglu að eingöngu íslenskir ríkisborgarar geti fengið leyfi sem gleraugnafræðingar, að vísu með ákveðnum undantekningum, sbr. nánar 3. gr.

Ástæða fyrir því að hér er lögð áhersla á ríkisfang er, að enginn íslenskur skóli veitir slíka menntun, þannig að viðbúið er að útlendingar gætu í krafti menntunar yfirtekið íslenska markaðinn. Hefur þessi regla myndast í svipuðum tilvikum, þegar um heilbrigðisstéttir hefur verið að ræða, sem þurft hafa að sækja nám sitt erlendis. Gert er ráð fyrir því að hægt sé að veita öðrum en íslenskum ríkisborgurum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til þess að stunda störf gleraugnafræðinga, með vissum skilyrðum. Gert er ráð fyrir því, að ráðherra geti veitt þeim aðilum, sem starfað hafa á þessum vettvangi, starfsleyfi, þ. e. a. s. hafi þeir starfað að þessu s. l. 5 ár samfleytt við gildistöku laganna. Er þetta í samræmi við viðtekna reglu í íslenskum rétti.

Um 5. gr.

Í þessari grein er fjallað um störf gleraugnafræðinga og þeim lýst með nokkrum orðum. Höfuðviðfangsefni þeirra yrði að selja gleraugu og vinna þau.

Eingöngu er gert ráð fyrir því að þeir geti fullunnið og selt sjónhjálpartæki, að fyrir liggja tilvísun og/eða forskrift læknis.

Um 6. og 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Til þess að stuðla sem best að skipulögðu sjónverndarstarfi í landinu er nauðsynlegt að hægt sé að krefjast þess af gleraugnafræðingum að þeir skili nákvæmum skýrslum til landlæknis um það sem hann telur þörf á. Er þetta í samræmi við það sem gildir um aðrar heilbrigðisstéttir og skýrsluskil þeirra.

Um 9. gr.

Þar sem hér er um heilbrigðisstétt að ræða er eðlilegt að reglur læknalaga nr. 80/1969 gildi um viðurlög við brotum í starfi, sviptingu starfsleyfis og endurveitingu starfsréttinda eins og gildir um aðra hópa innan heilbrigðiskerfisins.

Um 10. og 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.